



DEILISKIPULAG VEGAKERFIS OG VINNUBÚÐA VIÐ VAÐLAHEIÐARGÖNG, SVALBARÐSSTRANDARHREPPI



Aðalskipulag Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020. 1:10.000



- SKÝRINGAR**
- Mörk skipulagssvæðis
 - Núverandi þjóðvegur I
 - Vegsvæði, raskað land v/vegagerðar, fláar og skeringar
 - Vegir, vegaxlir, eyjar
 - Veggöng, vegskáli
 - Göngu- og reiðleið, undirgöng
 - Opið, óbyggt land, landbúnaðarland
- TÍMABUNDIN ÁKVÆÐI V/FRAMKVÆMDA**
- A1** Athafnasvæði
 - Bráðabirgðavegir á verk tíma, brú
 - Brú yfir þjóðveg á verk tíma
 - Byggingarreitir fyrir vinnubúðir, verkstæði o.fl.
 - Lagnir: Vatn, rafmagn
 - Rotþrær
 - Önnur mannvirki/aðstaða, merkt á uppdretti

Grunnkort, 2m hæðarlínur

MEGINATRIDI

Deiliskipulag þetta tekur til vegakerfis við vestari enda Vaðlaheiðarganga og bráðabirgðákvæða um aðstöðu framkvæmdaðila á verk tíma við gerð ganganna. Fyrir liggja forsendur ganga- og vegagerðar í aðalskipulagi, kynningarskýrsla, þar sem gerð er grein fyrir framkvæmdinni, áhrifum hennar og frágangi (Greið leið ehf. 2006), úrskurður Skipulagsstofnunar um umhverfismat, hönnunargögn og framkvæmdaleyfi sveitarfélagsins dags. 11.8.2011.

Gerð Vaðlaheiðarganga er tilkynningarskyld framkvæmd svk. ákvæðum laga um mat á umhverfisáhrifum nr. 106/2000. Verkið var tilkynnt Skipulagsstofnun í júní 2006 og úrskurðaði stofnunin 20. september sama ár að framkvæmdin væri ekki líkleg til að hafa í för með sér umtalsverð umhverfisáhrif og skuli því ekki háð mati á umhverfisáhrifum (Skipulagsstofnun 2006/10074, 20. september 2006).

Við vesturenda Vaðlaheiðarganga verða gerðar breytingar á vegakerfi með nýjum gatnamótum og tengingum ganganna við núverandi stofvegakerfi. Fyrir liggur hönnun mannvirkja sem er forsenda deiliskipulagsins. Í deiliskipulaginu eru einnig skilgreind tímabundin skipulagsákvæði um nýtingu svæðisins undir athafnasvæði framkvæmdaðila og aðstöðuþyngingar sem verða fjarlægðar við verklok þegar unnið verður að lokafrágangi svæðisins. Deiliskipulagið mun að öðru leyti gilda áfram. Tilfni gæti orðið til endurskoðunar deiliskipulagsins við verklok með hliðsjón af þeirri aðstöðu, sem hugsanlega verður nauðsynleg vegna viðhalds ganganna. Ekki eru forsendur fyrir ákvörðun slíkra ákvæða á þessu stigi.

Skipulagsákvæðið er um 81.790 m² og nær yfir það land, sem raskað verður við gerð ganganna og aðliggjandi umferðarmannvirki. Svæðið er skilgreint í aðalskipulagi sem óbyggt svæði og er í landi Hallands (landnr. 220739) og í landi Hallandsness (landnr. 220740). Svæðið er að hluta tún og að hluta óraskað eða lítt raskað land.

TENGL VÍÐ AÐRAR ÆTLANIR

Ekki liggur fyrir deiliskipulag svæðisins. Í Aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020 er svæðið skilgreint sem óbyggt svæði (veghegulsarsvæði) og landbúnaðarland. Gerð er grein fyrir Vaðlaheiðargöngum og breyttu vegakerfi í grófum dráttum í aðalskipulaginu og er deiliskipulag þetta í samræmi við aðalskipulagið að því leyti.

Í aðalskipulaginu er gert ráð fyrir göngu- og hjólaleið um sveitarfélagið endilangt meðfram þjóðvegi og er vísað í samráð við Vegagerðina um útfærslu og gerð hennar. Á aðalskipulagsuppdretti er leiðin sýnd vestan þjóðvegjar. Að viðhófu samráði við hönnun samgöngumannvirka á svæðinu er leiðin lögð austan vegar og er það talið vera í samræmi við meginmarkmið aðalskipulagsins og ekki krefjast formlegrar breytingar á því.

Ekki er kvæðið á um heimildir fyrir tímabundin mannvirki í Aðalskipulagi Svalbarðsstrandarhrepps 2008-2020. Heimild til að setja upp vinnubúðir vegna framkvæmdarinnar stuðlar að því að stefna aðalskipulagsins um endurbætur samgöngukerfis nái fram að ganga.

VARANLEG SKIPULAGSÁKVÆÐI

Varanleg skipulagsákvæði eru táknuð með heilittuðum flötum og að mestu heildregnum línur (sjá skýringar).

VEGAKERFI

Vegsvæði þjóðvega er afmarkað á skipulagsuppdretti. Innan þess verða öll vegamannvirki, vegir, vegaxlir, skeringar og fyllingar svo og vegskáli og landmótum umhverfis ganganna.

Gerð er grein fyrir göngu- og hjólastígum efir endilöngu skipulagsákvæðinu í samræmi við markmið aðalskipulagsins. Göng verða undir þjóðveg I skammt austan gangaops fyrir göngu- og hjólaeiðina.

Vegakerfi, gatnamót vegaxlir, eyjar og stígar eru sýndir á skipulagsuppdretti. Hæðarsetning og útfærsla fláa og skeringa er í hönnunargögnum og er ekki sýnd í deiliskipulaginu að öðru leyti en með afmörkun vegsvæðis.

BYGGINGARREITUR

Einn byggingarreitur á austurjaðri skipulagsákvæðisins er undir spennistöð, dreifistöð rafveitu.

Vegskáli er merkt inn á skipulagsuppdretti. Hann er ekki byggingarleyfisskyldur og er því ekki dreginn byggingarreitur um hann.

FRÁGANGUR

Ákvæði um frágang vegsvæðis verða sett í útböðsgögn í samræmi við framkvæmdalýsingu verksins og áhrifamat deiliskipulagsins.

TÍMABUNDIN SKIPULAGSÁKVÆÐI

Tímabundin ákvæði eru táknuð með ská- og krossstrikum eða slitnum línur. Öll mannvirki sem gerð verða eða sett upp svk. tímabundnum skipulagsákvæðum verða afmáð eða fjarlægð í verklok. Tímasetning fylgir skilgreindum verklokum samkvæmt framkvæmda- og tímaáætlanum framkvæmdaðila og leyfisveitenda og miðast gildistími tímabundinna skipulagsákvæða við þau og verða ekki dagsett í deiliskipulagi.

ATHAFNASVÆÐI

Afmörkuð eru tvö athafnasvæði, eitt vestan núverandi þjóðvegjar (A1 um 5.200 m²) og annað austan hans (A2 um 12.400 m²). Innan þeirra verður öll aðstaða framkvæmdaðila og þau mannvirki, sem setja þarf upp vegna framkvæmdarinnar. Þar er um að ræða skrifstofugæma, verkstæði, geymslusvæði og aðra nauðsynlega aðstöðu. Bráðabirgðamannvirki verða innan framkvæmdamarka og verður frágangur þeirra í verklok hluti af umhverfisfrágangi vegakerfisins.

Þar sem að hluta til er um tímabundnar heimildir er að ræða verða þau mannvirki, sem það á við, og öll ummerki um þau fjarlægð að við verklok.

BYGGINGARREITUR

Á uppdretti eru afmarkaðir 4 byggingarreitir fyrir skrifstofur, verkstæði, lagerjöld og gæma og olíustöð. Notkun bygginga á hverjum reit er ekki fastákveðin og ræðst af þörfum á hverjum tíma. Miðað er við að byggingar verði einnar hæðar (merkt I á skipulagsuppdretti). Heildarbyggingarmagn verður allt að 1.200 m².

UMFERÐ OG BÍLASTÆÐI

Bráðabirgðavegir ásamt bráðabirgðabru yfir núverandi þjóðveg eru sýndir með sérstakri skástrikun á skipulagsuppdretti. Einnig er á sama hátt gerð grein fyrir tengingum við núverandi þjóðveg á verk tíma.

Við skrifstofur er gert ráð fyrir 23 bílastæðum.

LAGNIR OG VEITUKERFI

Á skipulagsuppdretti er gerð grein fyrir legu aðveitilagna vatns (neysluvatns og slökkivats) og rafmagns. Ekki eru sýndar dreifilagnir innan skipulagsákvæðisins.

Fráveita frá byggingum fer í rotþrær og siturlagnir, sem sýndar eru á þremur stöðum innan athafnasvæða. Staðsetning þeirra er sýnd á uppdretti en útfærsla í gögnum vegna byggingar- og framkvæmdaleyfa.

Gerð, frágangur og rekstur fráveitu og rotþróa skal vera í samræmi við ákvæði reglugerðar nr. 798/1999 um fráveitu og sköpl, leiðbeiningar um rotþrær og siturlagnir (Umhverfisstofnun 2004) og Samþykkt nr. 671/2003 um hreinsun og losun rotþróa á starfssvæði heilbrigðisnefndar Norðurlands eystra, að undanteknum Húsavíkurbræ.

ÁHRIFAMAT

ALMENN ATRIDI

Gerð er grein fyrir helstu forsendum og áhrifum nýrra samgöngumannvirka, Vaðlaheiðargöngum og tilheyrandi vegum, í skýrslunni *Jarðgöng undir Vaðlaheiði ásamt vegteigjum, kynning framkvæmda; Greið leið ehf. 2006*. Framkvæmdin er ekki háð mati á umhverfisáhrifum sbr. úrskurður Skipulagsstofnunar þar um umhverfisáhrifum (Skipulagsstofnun 2006/10074, 20. september 2006).

Megintilgangur fyrirhugaðrar framkvæmdar er að bæta vegasamband, stytta vegalengdir og ferðatíma og auka umferðaröryggi.

Framkvæmdin mun hafa jákvæð áhrif á byggðir og mannlíf beggja vegna Vaðlaheiðar. Samgöngur munu batna og verða öruggari einkum að vetrarlagi þar sem vegurinn um Víkurskarð hefur ekki reynst sú örugga samgöngubót sem ætlað var í upphafi.

STABBUNDIN ATRIDI

Samningar hafa náðst við landeigendur um framkvæmdina.

Engar skráðar fornleifar eru innan skipulagsákvæðisins.

Ekki er hætt á mengun vatnsbóla vegna vegar- og gangagerðar en fylgjast þarf með því hvort dragi úr vatnsgefnu vatnsbóla ofar í hliðinni. Norðurorka hefur þegar brugðist við hugsanlegum áhrifum með samþingingu veitukerfa á svæðinu.

Engar fríðlystar náttúruminjar eða náttúrufrýrbrigði, sem njóta sérstakrar verndar sbr. 37. gr. náttúruverndarlaga nr. 44/1999, eru innan skipulagsákvæðisins. Þar sem gangamunni er nálægt núverandi þjóðvegi verða áhrif framkvæmdarinnar á ósnert land og landslag minni en ella.

Tvö sumarrús eru í grennd við framkvæmdasvæðið. Vegtengingar að þeim verða lagfærðar og leitast verður við að takmarka óþægindi á verk tíma.

FRÁGANGUR

Áætlað er að um 420.000 m³ jarðefna muni falla til við gangagerðina að vestanverðu. Það mun nýtast að stórum hluta í vegagerð og frágang vegtenginga. Áætlað er að auk þess verði allt að 200.000 m³ af efni til ráðstöfunar vestan ganganna. Áformað er að nýta meginhluta þess í framkvæmdir við Akureyrarfylguvöll. Komi til þess að haugsetja verði efni úr göngunum verður það gert í samráði við Vegagerðina, efniréttisfulltrúa Umhverfisstofnunar og landeigendur. Nauðsynlegt er að við haugseting verði nægilegt athafnasvæði til að flokka efnið. Flest bendir til að mikil eftirspurn verði eftir efni og geymsla á því væntanlega ekki til marga ára. Ekki er gert ráð fyrir efnishaugum til lengri tíma innan skipulagsákvæðisins.

Í útböðsgögnum verður greint frá hvernig haga skuli frágangi við gangamunna, fyllingar og vegkanta. Sama á við um hugsanlegan haug með efni úr göngunum. Reynt verður að haga framkvæmdum þannig að sem minnst rask verði á gróðri og jarðvegi umfram það sem leiðir af efnisfyllingum undir vegtengingar.

Við uppræðslu verður farið eftir leiðbeiningum Vegagerðarinnar um gróðurhönnun á vegsvæðum í dreifbýli. Sáð verður í vegkanta og vegfláa á grónu landi. Verði girðingum raskað verða þær endurnýjaðar í samráði við landeigendur.

Frágangur verður í samráði við landeigendur og efniréttisráðgjafa Umhverfisstofnunar.

MÓTVEGISADGERÐIR

Stuðlað verður að því að rökun á landi verði haldin í lágmarki. Lögð verður áhersla á að raska lívregi landi utan við vegsvæðið og verður m.a. allur akstur tekið bannaður utan vegsvæðis á verk tíma, nema að starfsmannabúðum og að haugstæði ef til þess kemur að haugsetja þurfi efni úr göngunum. Landslagsarkitekt mun hanna landmótun og útlit vegskála við gangamunna.

Settar verða upp segildir og olíugildir við gangamunna strax á verk tíma. Olíugildir þarf síðan að reka til frambrúðar. Líklegt er að sömu lausnum verði beitt og við Fáskrúðsjarðargöng.

Gera má ráð fyrir einhverri rökun á umferð um svæðin á framkvæmdatíma. Leitlað verður sérstakra lausna að vestanverðu vegna þess hve framkvæmdasvæðið er aðþrengt, til að aðgreina umferð vinnutækja og bílaumferðar um Svalbarðsströnd, m.a. með bráðabirgðabru yfir núverandi þjóðveg.

Deiliskipulagstillagan var auglýst skv. 41. gr skipulagslaga nr. 123/2010 frá _____ til _____

Deiliskipulagið var samþykkt í sveitarstjórn Svalbarðsstrandarhrepps _____

sveitarstjóri

Gildistaka deiliskipulagsins var auglýst í B-deild Stjórnartíðinda _____



Deiliskipulag vegakerfis og vinnubúða við Vaðlaheiðargöng Svalbarðsstrandarhreppi	VERK 13-155
Tillaga	BLAÐ 02
DAGS: 29. apríl 2013	BREYTT